

SKÓLARÁÐSFUNDUR Í NORÐLINGASKÓLA

Föstudagur 3. okt. 2025 kl. 8:30

Dagskrá

- Fulltrúar í skólaráði og starfsáætlun ráðsins 2025-2026
- Starfsáætlun skólaárið 2025-2026
- Bekkjarfulltrúastarf
- Önnur mál

Mættir:

Skólinn: Aðalbjörg Ingadóttir og Helgi Rafn Jósteinsson, ritari fundarins.

Fyrir hönd kennara: Guðrún Sveinbjörnsdóttir og Helga Bogadóttir.

Fyrir hönd foreldra: Erna Dís Gunnþórsdóttir og Hulda Gísladóttir.

Fyrir hönd nemenda: Aron Breki Adolfsson (10. Bekkur) og Benedikt Óli Árnason (9. bekkur).

Fjarverandi: Fulltrúi grenndarsamfélags, Arna Hrönn Aradóttir og fulltrúi stafsmanna, Arnar Snær Magnússon.

Fulltrúar í skólaráði og starfsáætlun ráðsins 2025-2026

Farið var yfir hverjir sitja í skólaráði skólaárið 2025-2026 og hlutverk skólaráðs. Nýjum fulltrúum var afhentur kynningarbæklingur um hlutverk skólaráðs. Nýir fulltrúar eru: Hulda Gísladóttir fyrir hönd foreldra, Helga Bogadóttir sérkennari, Aron Breki Adolfsson og Benedikt Óli Árnason fulltrúar nemenda. Þá var greint frá því að Erna Dís Gunnþórsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði, er nýkjörinn formaður foreldrafélagsins. Ennig var farið yfir helstu atriði í starfsáætlun ráðsins og fundartímar ákveðnir. Fundaboð verða send fulltrúum í tölvupósti. Nöfn skólaráðsfulltrúa ásamt starfsáætlun og fundartímum eru birt á heimasíðu skólans sem og fundargerðir skólaráðs.

Starfsáætlun 2025-2026 lögð til samþykktar

Skólastjóri greindi frá helstu þáttum í starfsáætlun skólans s.s. áætlunum og ferlum um skólastarfið sem þar er að finna og að engar meginbreytingar eru í starfsáætluninni frá sl. skólaári. Greint var frá umbótáætlun og að fyrir liggur sérstök áhersla í skólaþróun varðandi gæðastarf sem snýr að vinnu kennara með gæði kennslustunda. Skólaráðsfulltrúar samþykktu áætlunina fyrir komandi skólaár. Starfsáætlun verður birt á heimasíðu skólans og send skóla-og frístundasviði Reykjavíkur til samþykktar í kjölfar fundarins.

Bekkjarfulltrúastarf

Farið var yfir stöðuna á bekkjarfulltrúum sem gefið hafa kost á sér í bekkjarfulltrúastarfið en fyrir liggur að búið er að manna að mestu á yngsta stigi og í 10. bekk. Stjórnendur og kennarar hafa kallað eftir fulltrúum í tölvupóstum og á námskynningunum í árgöngunum. Listi yfir þá fulltrúa sem gefið hafa kosta sér hefur verið sendur stjórn foreldrafélagsins og verður hann uppfærður efir kennarafund í næstu viku ef einhverjir hafa bæst í hópinn.

Rætt var um hlutverk stjórnar foreldrafélagsins með að útvega bekkjarfulltrúa og aðkomu skólans við að styðja foreldrafélagið við að manna bekkjarfulltrúastarfið. Tillaga koma um að setja upp svæði t.d. á Teams þar sem hægt væri að setja sameiginlega skjöl eins og bekkjarfulltrúalista sem væru

aðgengileg stjórn foreldrafélagsins og stjórnendum. Vel var tekið í tillöguna. Samþykkt var að halda bekkjarfulltrúafund undir lok október þegar búið væri að fá fulltrúa í alla árganga og að hafa súpufund líkt og í fyrra til að fara yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og tímasetja viðburði. Það mæltis vel fyrir að fá á þann fund verkefnastjóra hjá skóla-og frístundasviði sem fer með samstarf skóla-og foreldrafélaga til að fara yfir helstu áherslur.

Önnur mál

Ekki voru önnur mál til umræðu.

Fundi slitið um kl. 9:30